

Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (SVÁ) haldinn í Reykholti, mánudaginn 30. mars 2026, kl. 14:00

Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri velferðarþjónustu undir liðum 3-6

Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu undir liðum 3-6

Fundargerðina ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

Formaður, Hulda Kristjánsdóttir setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár:

1. Forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Stjórn fór yfir ráðningarferli vegna forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Formanni falið að vinna málið áfram út frá umræðum á fundinum.

2. Beiðni um lögmatísathugun.

Stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (SVÁ) hefur borist afrit af erindi Búsetufrelsis – samtaka fólks með fasta búsetu í heilsárshúsi í Grímsnes- og Grafningshreppi – til innviðaráðuneytisins, dagsett 8. mars sl. Með erindinu óska samtökin eftir því að ráðuneytið taki til skoðunar ákvörðun stjórnar SVÁ frá 24. september 2025 sem varðar þjónustu við fólk sem er með ótilgreind lögheimili. Stjórn SVÁ hefur til þessa ekki borist beiðni frá ráðuneytinu um viðbrögð eða skýringar við erindi Búsetufrelsis. Vakin er athygli á því að erindi samtakanna beinist ekki að neinu tilteknu máli sem samtökin eiga beina og lögvarða hagsmuni af. Þar af leiðandi er ekki um að ræða stjórnsýslukæru heldur almenna beiðni sem óvíst er að ráðuneytið taki til skoðunar. Til áréttingar vill stjórn SVÁ þó taka fram að umrædd ákvörðun frá 24. september 2025 beinist fyrst og fremst að þjónustu við einstaklinga sem kjósa að dvelja í frístundahúsum innan skipulagðra frístundabyggða þar sem óheimilt er að skrá lögheimili. SVÁ mun hins vegar veita þjónustu til allra barna og ungmenna yngri en 18 ára óháð búsetuformi þeirra, sbr. bókun stjórnar SVÁ frá 11. febrúar sl. Þjónusta til annarra íbúa sem eru með ótilgreind lögheimili innan starfssvæðis SVÁ er háð samþykki viðkomandi sveitarfélags.

3. Ársreikningur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. 2025

Endurskoðaður ársreikningur 2025 lagður fram til staðfestingar stjórnar.

Stjórn samþykkir framlagðan ársreikning fyrir árið 2025 og felur formanni að senda í rafræna undirritun.

4. Náms- og starfsráðgjöf í skólum

Deildarstjóri skólaþjónustu fór yfir náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum aðildarsveitarfélaga.

Stjórn leggur til við aðildarsveitarfélögin að auglýst verði eftir öðrum náms- og starfsráðgjafa til að efla þjónustu byggðasamlagsins og formanni falið að stilla upp viðauka sem sendur verður á aðildarsveitarfélögin til samþykktar.

5. Undanþága vegna lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur samþykkt að veita áframhaldandi undanþágu frá skilyrðum um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu til 31. maí 2026. Ef sækja á um áframhaldandi undanþágu skal umsókn um slíkt berast fyrir 15. maí 2026, takist ekki að ljúka viðræðum við önnur sveitarfélög um stærra umdæmi barnaverndarþjónustu fyrir þann tíma. Formaður stjórnar og deildarstjóri velferðarþjónustu áttu fund með starfsmönnum Mennta- og barnamálaráðuneytisins vegna málsins þann 26. mars 2026.

Stjórn samþykkir að fela deildarstjóra velferðarþjónustu að afla upplýsinga um reynslu af samstarfi annarra sveitarfélaga um barnaverndarþjónustu og einnig er deildarstjóra velferðarþjónustu ásamt formanni falið að kanna möguleikann á fundi með Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu bs. með starfsmönnum Mennta- og barnamálaráðuneytisins.

6. Önnur mál

Deildarstjórar fóru yfir starfsmannamál hjá byggðasamlaginu.

Deildarstjóri skólaþjónustu fór yfir fjölda tilvísana til sálfræðings og talmeinafræðinga og hvernig þau mál eru að ganga. Skóla- og velferðarþjónusta Árnessþings bs. er að ná að þjónusta mál innan árs frá því að tilvísun berst. Starfsmenn sóttu námskeið í verkefninu Heillaspor síðastliðið haust. Tveir skólar eru að fara í innleiðingu á verkefninu en það eru Þjórsárskóli og Kerhólsskóli. Margir biðlistar hjá ýmsum stofnunum að lengjast í málum hjá börnum sem þurfa einhvers konar aðstoð.

Deildarstjóri velferðarþjónustu fór yfir mál sem stjórn bókaði á síðasta fundi um fósturforeldra og fór yfir fjölda fósturheimila á starfssvæði byggðasamlagsins. Miðað við stöðuna í dag þá er ekkert barn í vistun á vegum Skóla- og velferðarþjónustu Árnessþings bs. Beiðnir og fyrirspurnir um endurhæfingaráætlanir og utanumhald á þeim vegna endurhæfingarlífeyris eru að koma í meira mæli til velferðarþjónustunnar.

Fyrir liggur staðfesting Félags- og húsnæðismálaráðuneytisins um að fela Sjúkratryggingum Íslands að hefja samningaviðræður við Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp um sameiginlegan rekstur átta almennra dagdvalarrýma í Uppsveitum Árnessýslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:20.